

Almennur fundur um atvinnumál á Vestfjörðum, haldinn í Edinborgarhúsinu á Ísafirði, 30. apríl 2011

ályktar eftirfarandi um samkeppnisskilyrði:

1. Fundurinn skorar á ríkisstjórn Íslands að jafna samkeppnisaðstöðu Vestfjarða á við aðra landshluta með því að fella niður tengigjald fyrirhugaðrar Hvalárvirkjunar.
2. Jafna þarf húshitunarkostnað á landinu.
3. Gerð verði athugun á því hvort hægt sé að koma Orkubúi Vestfjarða aftur í eigu heimamanna með það að markmiði að félagið starfi í þágu Vestfjarða af fullum krafti.
4. Óskað er eftir því að stjórnvöld komi á kerfi um jöfnun flutningskostnaðar fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni. Slíkt kerfi þarf að leiða til beinnar lækkunar á flutningskostnaði fyrirtækja sem eru í mikilli fjarlægð frá útflutningshöfnum.